

## Að skrifa rannsóknardagbók

Í Menntafléttunni er lagt til að þátttakendur nýti **dagbókarskrif** til að fylgjast með námi sínu. Dagbókin er vettvangur til að **ígrunda** og skilja **betur**, fylgjast með eigin reynslu og upplifunum og á þeim grunni taka ákvarðanir um næstu skref við þróun eigin starfs.

Í dagbókinni **fangar þú reynslu þína** af viðfangsefnum námskeiðs og hvernig til tekst við að flétta þau saman við daglega starfið í skólanum eða frístundastarfinu, í samvinnu við samstarfsfólk. Þú veltir fyrir þér atburðum úr starfinu og af fundum með samstarfsfólki og punktar hjá þér, **áður** en minningin og upplifunin af þeim dofna og þverr. Dagbókin verður þannig smám saman gagnagrunnur um **lærdómsferli þitt** og verður mikilvægt tæki sem nýtist til samskipta og samstarfs við aðra.

**Mikilvægir þættir sem stuðla að góðri rannsóknardagbók** (McNiff, 2009):

- skrá **kerfisbundið** og reglulega niður atburði
- útskýra, túlka og **meta** persónulega reynslu, hugsanir og tilfinningar með það að markmiði að **skilja eigin athafnir** og gerðir
- skrá bæði það sem gekk **vel** og það sem gekk **erfiðlega**
- nota dagbókina sem vettvang **ígrundunar og túlkunar** á reynslu, athöfnum og lærdómsferli
- skrá gögn, greina þau **og meta** - hvaða gögn eru til marks um ályktanir mínar?

Formið á dagbókinni er frjálst, þú gætir viljað nýta myndir í bland við ritaðan texta. Sumt sem þú skrifar vilt þú ef til vill **hafa út af fyrir þig** en öðru vilt þú **deila með öðrum**, fá umræðu um og fleiri sjónarhorn á. Mikilvægt er að þú skrifer í dagbókina í hvert sinn eftir að hafa prófað skrefin fjögur í þróunarhringnum. Hér eru nokkrar **kveikjur** til að styðjast við:

- mátaðu viðfangsefni lotunnar við **fyrri þekkingu þína** og reynslu og veltu fyrir þér hvernig þú getur nýtt það til þróunar eigin starfshátta
- veltu fyrir þér hvað **höfðar mest til þín** úr viðfangsefni lotunnar, nefndu dæmi.
- ígrundaðu hvort og þá hvaða kostir fylgja því að **prófa nýjar hugmyndir** og aðferðir
- veltu fyrir þér **námsþörfum** þinna nemenda eða barna og hvernig aðlaga má efnið þannig að öll fái **hæfilegar áskoranir** í viðfangsefnum sínum
- greindu hvort starfsaðferðir þínar eru **aðgreinandi** á einhvern hátt eða hvort í þeim felast **tækifæri til aukinnar samvinnu** í barna- og unglingahópnum
- ígrundaðu hvernig þú sérð starf þitt og samstarfsfélaga í námssamfélaginu **þróast**.

**Gangi þér vel!**